

SPENNUHÆKKUN KRÖFLULÍNU 2
frá tengivirki við Kröflu að tengivirki í Fljótsdal
Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að spennuhækkun Kröflulínu 2 sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs, sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps og sveitastjórnar Skútustaðahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt þarf framkvæmdaraðili að hafa samráð við landeigendur eða umráðamenn lands sem fara þarf um, sbr. 69. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. nóvember 2007.

INNGANGUR

Þann 16. júlí 2007 tilkynnti Landsnet spennuhækkun Kröflulínu 2 til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 6. gr og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarstjórna Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs og Skútustaðahrepps, Ferðamálastofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, iðnaðarráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs með bréfi dags. 4. október 2007, sveitarstjórn Fljótsdalshrepps með bréfi dags. 5. september 2007, sveitarstjórn Skútustaðahrepps með bréfi dags. 13. september 2007, Ferðamálastofu með bréfi dags. 12. september 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 3. september 2007, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 5. september 2007, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 10. september 2007, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 16. september 2007 og barst 25. september 2007, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. ágúst 2007 og Vegagerðinni með bréfi dags. 3. september. Frekari upplýsingar bárust frá Landsneti með bréfi dags. 18. september 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að Landsnet hafi til skoðunar þann kost að spennuhækka Kröflulínu 2 úr 145 kV í 245 kV. Kröflulína liggja frá tengivirki við Kröflu að tengivirki í Fljótsdal. Línan sé krossuð tréstaurlína sem upphaflega hafi verið lögð 1978. Ekki sé fyrirhugað að breyta legu línunnar, nema hugsanlega við Kröflu, þar sem línan muni tengjast tengivirki við fyrirhugaða Kröfluvirkjun 2, norðan við núverandi Kröflustöð. Fyrirhuguð framkvæmd muni fela í sér að skipt verði um toppbúnað á staurunum, í stað núverandi tréslár verði sett lengri stálslá. Þá sé gert ráð fyrir að hækka staurastæður um 2,5 m, auka fasabil og breyta einangrunarkerfi til samræmis við þær kröfur sem unnið sé með. Einangrunarkeðjur lengist úr 1,8 m í 2,9 m. Settur verði kross í þær stæður sem ekki eru krossaðar fyrir og settir jarðklossar á um 30% þeirra. Í stæðum sem nú þegar eru krossaðar verði krossinn víðast færður u.þ.b. 1 m ofar. Reiknað sé með að skipta þurfi um 5% stauranna og verði nýir staurar dregnir eða fluttir á staðinn. Endurbættir staurar verði því næst settir upp og línan (sami vír og áður) því næst strengd að nýju. Loks verði gamlar slár og annað afgangsefni flutt burtu og jarðrask lagfært eftir því sem unnt sé. Fyrirhugað sé að komast að línustæðinu nú með sama hætti og þegar línan var upphaflega lögð, þ.e. komast hjá gerð malarborinna vegslóða, en nota troðninga þess í stað. Erfitt geti verið að vinna á þennan hátt á mýrlendum köflum á Jökuldalsheiði og Fljótsdalsheiði og því sé heppilegt m.t.t. umhverfisáhrifa að fara um þau svæði þegar frost verði í jörðu.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að línan muni liggja um óbyggð svæði og muni byggingarbannssvæði línunnar breikka um 3 m í hvora átt. Fari úr því að vera á bilinu 25,7–35,2 m í 31,7–41 m.

Sjónræn áhrif. Fram kemur að vegir og viðurkenndir ökuslóðar liggja á um átta stöðum undir Kröflulínu 2 og séu sumar þeirra fjölfarnar að sumarlagi.

Á öllum þessum stöðum sé línán sýnileg en yfirleitt á stuttum kafla. Á einum stað á Norðurlandsvegi á Mývatnsöræfum, á milli Vestaribrekku og Vegasveina, sé línán í sjónlínu til fjallahrings í suðri. Þar sé landið frekar flatt og nokkuð langt í næstu fjöllum. Á öðrum stöðum sjáist einnig víðar til línunnar, en í flestum tilvikum sé langt til hennar eða fjallshlíð í bakgrunni deyfi hin sjónrænu áhrif. Við framkvæmdina munu stæður hækka að meðaltali um 2,5 m og kross verði í öllum stæðum. Línán verði sýnilegri en núverandi lína. Aftur á móti sé ekki um að ræða meiriháttar breytingu á umfangi eða formi línunnar.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að frá háspennulínunum berist tvenns konar hljóð, annars vegar vindgnauð og hinsvegar hljóð af rafrænum uppruna. Hávaði frá spennuhækkaðri Kröflulínu 2 mun verða meiri en frá hefðbundnum 220 kV línunum Landsnets. Hávaði af rafrænum uppruna verði 45dB við miðja línu en í 125 m fjarlægð frá miðju verði hávaði kominn niður í 30 dB.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að ekki hafi fundist sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi á línustæðinu ef undan er skilinn rústagróður í Hákonarstaðaflóa, sem verði að teljast sérstæður þar sem rústir séu ekki algengar á íslenskum heiðum. Helstu áhrif framkvæmda á gróður verði hugsanlega í tengslum við jarðrask þegar efni verði flutt til og frá línustæði. Með því að nota troðning meðfram línunni í stað þess að leggja malarbundinn vegslóða sé komið í veg fyrir óafturkræfar framkvæmdir sem myndu m.a hafa varanleg áhrif á mýrlend svæði. Þá verði reynt að komast hjá rofi í þurrum mótum, sérstaklega þar sem jarðvegur sé þykkur og sendinn. Með því að vinna á þessum svæðum þegar frost sé í jörðu, sé reynt að komast hjá neikvæðum umhverfisáhrifum. Ef ekki reynist mögulegt að haga framkvæmdatíma m.t.t þess, verði vinnulagi og vali á tækjabúnaði þannig háttáð að komið verði í veg fyrir varanlegt rask eins og frekast sé kostur. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdir við háspennulínuna muni óhjákvæmilega hafa mikil áhrif á gróður, sérstaklega á framkvæmdartíma. En með góðum frágangi í verklok muni landið færast í svipað horf á nokkrum árum.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að rannsókn frá árinu 2001 sýni að línustæðið liggi um svæði ýmissa tegunda dreifðra vaðfugla og spörfugla. Um sé að ræða tegundir sem séu allar mjög útbreiddar og algengar um allt land.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að á leið línunnar séu um 20 skráðar fornleifar. Talið sé að í einu tilviki geti fornminjum stafað hættu af framkvæmdinni. Um sé að ræða forna leið sem liggi frá Mývatni að Jökulsá á Fjöllum og þaðan áfram austur. Lagt hafi verið til að þessi fornleið verði skráð betur áður en ráðist verði í framkvæmdir. Að öðru leyti sé talið að fornleifum stafi lítil sem engin hættu af framkvæmdunum. Komi fornleifar í ljós verði farið eftir ákvæðum Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Áhrif á verndarsvæði. Fram kemur að á kafla liggi lína yfir svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e nútímahraun og votlendi sem er stærra en 3 ha að flatarmáli. Ekki sé reiknað með að teljanlegt rask verði á hraununum umfram það sem varð þegar Kröflulína 2 var lögð í upphafi. Þá er ítrekað að heppilegast sé talið að fara um votlend svæði þegar frost sé í jörðu. Fram kemur að línán muni liggja í austurjaðri vatnasviðs Mývatns og Laxár skv. lögum nr. 97/2004. Talið sé að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á

svæðið. Framkvæmdaraðili telur eðlilegt að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um þessa þætti samhliða undirbúningi framkvæmdar. Þá kemur fram að hluti línunnar liggi innan grannsvæðis vegna vatnsverndar við Austaraselslindir á Austaraselsheiði. Sett verði skilyrði um meðferð olíu og ástand véla, auk þess sem ekki verði leyfðar birgðastöðvar á svæðinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að Kröflulína 2 sé á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 – 2015 og Fljótsdalshrepps 2002 – 2014. Jafnframt sé línán á svæðisskipulagi miðhálandisins og svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998 – 2010.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt.

Ferðamálastofa, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, iðnaðarráðuneytið og Vegagerðin telja framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs og Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps telja framkvæmdina ekki þess eðlis að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum, en benda á að breikkun á byggingarbanni vegna línuna kalli væntanlega á nýja samninga við ábúendur og landeigendur. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur framkvæmdina ekki matsskylda en áréttar að sérstaklega verði farið varlega innan grannsvæðis við vatnsból sveitarfélagsins. Fornleifavernd ríkisins telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum en bendir á mikilvægi samráðs framkvæmdaraðila við stofnunina þegar til framkvæmda kemur. Umhverfisstofnun telur að ef staðið verði að framkvæmd eins og lýst er í tilkynningu Landsnets megi takmarka áhrif hennar og að því gefnu telur stofnunin að ekki sé líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps bendir á að breikkun á svæði þar sem gildi byggingarbanni línunnar kalli væntanlega á nýja samninga við landeigendur. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps áréttar að sérstaklega verði farið varlega um grannsvæði vatnsbóls sveitarfélagsins við Austaraselslindir á Austaraselsheiði og ítrekar ákvæði í reglugerð nr. 796/1999, reglur um varnir gegn mengun vatns. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra óskar eftir skýringum á því hvað felist í skilyrði um meðferð olíu og ástand véla innan verndarsvæðis vatnsbólsins og hvernig framkvæmdaraðili hyggist ná fram áformum um verndun neysluvatns.

Framkvæmdaraðili svarar því til að skv. ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 sé m.a. tilgreint hvaða efni sé banna að nota eða geyma innan grannsvæða. Þá skulu vegalagnir innan grannsvæðis vera undir ströngu eftirliti. Framkvæmdaraðili bendir á að við útfærslu fyrrgreindra ákvæða megi hafa til hliðsjónar öryggisreglur sem gefnar hafi verið út af heilbrigðiseftirlitum Reykjavíkur, Kjósarsvæðis og Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Framkvæmdaraðili telur eðlilegt að slík skilyrði verði útfærð í samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og sett inn í útboðsgögn.

Sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að sjónræn áhrif munu teljast lítil þar sem hér sé um að ræða viðbót við mannvirki sem fyrir sé.

Áhrif á jarðmyndanir og vistkerfi. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að áhrif á hraun verði umfram þau áhrif sem þegar hafa orðið við byggingu og viðhald línunnar. Umhverfisstofnun bendir á að ójákvæmilega muni eitthvert rask verða á votlendi, þau verði tímabundin og ef leitast verði við að vinna verkið meðan frost er í jörðu megi draga úr þeim áhrifum. Stofnunin bendir á að forðast beri að rask verði við rústir í Hákonarstaðaflóa eins og kostur sé.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að hafa verði samráð við stofnunina til að meta hvort þörf sé á að merkja fornleifar í nágrenni línunnar á framkvæmdatíma og jafnframt ef legu línunnar yrði breytt.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framkvæmd sem felur í sér spennuhækkun á Kröflulínu 2 úr 145 kV í 245 kV. Kröflulína liggur frá tengivirki við Kröflu að tengivirki í Fljótsdal. Ekki sé fyrirhugað að breyta legu línunnar, nema hugsanlega við Kröflu, þar sem línan muni tengjast tengivirki við fyrirhugaða Kröfluvirkjun 2, norðan við núverandi Kröflustöð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á staurum Kröflulínu 2 muni auka sýnileika hennar, en miðað við núverandi ástand verði áhrif á ásýnd landslags óveruleg. Skipulagsstofnun ítrekar að framkvæmdaraðili viðhafi þau vinnubrögð sem er lýst í tilkynningu og svörum framkvæmdaraðila. Þá þurfi framkvæmdaraðili að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna hugsanlegra merkingu fornminja og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna útfærslu á öryggisreglum varðandi umgengi innan grannsvæða vatnsbóls. Þá beinir Skipulagsstofnun því til framkvæmdaraðila að rústagróður við Hákonarstaðaflóa verði afmarkaður á framkvæmdartíma í samráði við Umhverfisstofnun og tekið er undir áform framkvæmdaraðila um að ljúka við skráningu á þeirri fornu leið sem liggur frá Mývatni að Jökulsá á Fjöllum og til austurs. Að teknu tilliti til ábendinga varðandi verklag og samráð telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á vatnsvernd, jarðmyndanir, votlendi og fornminjar verði óverulegar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að Spennuhækkun Kröflulínu 2 sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs, sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps og sveitastjórnar Skútustaðahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt þarf framkvæmdaraðili að hafa samráð við landeigendur eða umráðamenn lands sem fara þarf um, sbr. 69. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. nóvember 2007.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir